

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Tromsö 17. janúar 2020

Efni: Athugasemdir við drög að reglugerð um fiskeldi.

Akvafuture ehf vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við drög að reglugerð um fiskeldi.

4. grein

Lagt er til að eftirfarandi málsgrein berði bætt við greinina:

Við framkvæmd burðarþolsmats getur ráðherra farið fram á það við framkvæmdaraðila að tekið verði tillit til mengunarálags vegna framleiðslu, sem ræðst af hvort fiskeldi fer fram í opnum eða lokuðum kerfum.

Rök:

Ljóst er að fiskeldi í sjó í lokuðum kvíum nýtir burðarþol hafsvæða á mun hagkvæmari og sjálfbærari hátt en opnar sjókvíar gera. Í lokuðum kerfum er unnt að safna saman lífrænu botnfalli og fyrirbyggja að það berist út í umhverfi. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að Hafrannsóknastofnun eða sá aðili sem ráðherra felur að framkvæma burðarþolsmat gefi út mat þar sem gerður er greinamunur á hvort um sé að ræða opin eða lokuð eldiskerfi. Þetta skiptir meðal annars verulegu máli um sjálfbærni eldissvæða þar sem sjávardýpi er lítið (<50 m) og hafstraumar við sjávarbotn takmarkaðir.

7. grein

Í áhættumati erfðablöndunar skal tekið tillit til mótvægisáðgerða sem draga úr líkum á mögulegri erfðablöndun, svo sem auknu innra eftirliti, **auknu öryggi eldisbúnaðar**, ljósastýringar og stærðar seiða og möskvastærðir netpoka umfram þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerð þessari. Hafrannsóknastofnun skal leita eftir tillögum eldisfyrirtækja að slíkum mótvægisáðgerðum. Tillögur eldisfyrirtækja skulu studdar vísindagögnum eftir því sem við á.

Rök:

Þar sem tekin eru dæmi um mótvægisáðgerðir í texta er full ástæða til að bæta við þann lista tækniþróun í eldisbúnaði sem hefur sýnt sig að geta fyrirbyggt slysasleppinga s.s. þegar um nýttur er lokaður eldisbúnaður í sjó.

8. grein

Lagt er til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við 8. grein:

Komi fram beiðni frá fiskeldisfyrirtækjum um endurskoðun áhættumats sem studd eru rökum um að búnaður sem nýttur er til fiskeldis (lokaður) og sýnt hafi verið fram á að slysasleppingar frá slíkum búnaði er í lágmarki, skal ráðherra fela Hafrannsóknastofnun að framkvæma nýtt áhættumat í ljósi breyttra eldisáðferða.

Rök:

Mikil þróun á sér stað í eldisbúnaði sem sýnt hefur verið fram á að lágmarki slysasleppingar og útilokar lúsasmit við fiskeldi í sjó. Fiskeldisfyrirtæki þurfa því að hafa skýra heimild til að óska endurskoðunar á áhættumati geti þau sýnt fram á með óvæfengjanlegum hætti að eldisbúnaður þeirra hafi ótvíræð jákvæð mótvægisáhrif.

12. grein

Með umsókn um rekstrarleyfi sjókvíaeldis skulu m.a. koma til viðbótar fram eftirfarandi upplýsingar og viðeigandi gögn:

- A. Upplýsingar um hnitstaðsetningar á útlínum sjókvíaeldis **svæðis**. ~~stöðvar~~. Hnit skulu vera lengd og breidd til útsetningar á sjókorti með nákvæmni upp á a.m.k. einn hundraðasta hluta úr mínútu. Viðmiðun skal vera WGS84.

Rök:

Hér hlýtur löggjafinn að hafa misritað textann. Hvergi í lagatexta í 12. grein er farið fram á staðsetningu sjókvíaeldissvæðis. Hér er væntanlega átt við eldissvæðið en ekki staðsetningu eldisstöðvar, sem oft er æskilegt að taki breytingum innan eldissvæðis (til að draga í staðbundnu umhverfisálagi á sjávarbotn). Í 6. lið í sömu grein er farið fram á að umsækjandi geri fulla grein fyrir staðsetningu fiskeldisstöðvar og eldiseininga og varla er þörf á að tvítaka það.

35. grein

Rekstrarleyfishafi **að fiskeldisstöð með kvíaeldi** skal við eftirlit og viðgerðir á netpokum skipta við verkstæði sem faggild skoðunarstofa hefur vottað að uppfylli kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009 um viðgerðir.

Rök:

Mikil þróun á sér stað í eldisbúnaði og efnisval er margvíslegt. Kvíaeldi er skilgreint sem „Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu». Í texta þarf að gera ráð fyrir að framþróun í eldistækni erlendis berist hingað til lands s.s. þegar nýttur er lokaður eldisbúnaður í sjó

Virðingarfyllt,
Fyrir hönd AkvaFuture ehf.



Rögnvaldur Guðmundsson,
framkvæmdastjóri